

## Viðmiðunarmörk reglugerða fyrir brennisteinsvetni og samanburður í $\mu\text{g}/\text{m}^3$ og ppm

Samkvæmt reglugerð nr. 514/2010, um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti eru sett umhverfismörk,  $50 \mu\text{g}/\text{m}^3$  sem miðast við hámark daglegs hlaupandi 24 stunda meðaltals. Styrkur má fara yfir þau mörk þrisvar sinnum árlega. Önnur viðmiðunarmörk eru að ársmeðaltal sé að hámarki  $5 \mu\text{g}/\text{m}^3$  og skal tilkynna umhverfisyfirvöldum þegar styrkur hefur mælst yfir  $150 \mu\text{g}/\text{m}^3$  samfellt í þrjár klukkustundir. Reglugerð nr. 514/2010 gildir ekki á iðnaðarsvæðum við Hellsheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Þar gildir reglugerð nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Mengunarmörk í vinnuumhverfi eru  $7.000 \mu\text{g}/\text{m}^3$  og fer eftir meðaltali átta stunda vinnudags og  $14.000 \mu\text{g}/\text{m}^3$  þegar miðað er við meðaltal yfir fimmtán mínútna tímabil.

$\mu\text{g}/\text{m}^3$	ppm	Athugasemdir
5	0,0039	Mörk fyrir ársmeðaltal
7-15	0,0054 - 0,012	Lyktarmörk
50	0,039	Sólarhringsmörk
150	0,12	Tilkynningarmörk
7.000	5,41	Mengunarmörk í vinnuumhverfi yfir 8 stunda vinnudag
14.000	10,8	Mengunarmörk í vinnuumhverfi yfir 15 mínútna tímabil
>14.000	>10,8	Ertung í öndunarvegi, lyktarskyn dofna og fleiri einkenni. <b>KOMA SÉR ÚR AÐSTÆÐUM.</b>